


02 AUG. 2005

54.55

Tilv UST20050700121

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. júlí 2005

Tilvisun: UST20050700121/bs

**Breyting á áætlaðri efnistöku úr Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. júlí sl. það sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar efnistöku.

Í matsferli Kárahnjúkavirkjunar var ráðgert að taka  $100.000 \text{ m}^3$  af efni úr Bessastaðaármelum. Á verktíma hefur komið í ljós að efnispörfin er nokkuð meiri þannig að nú er ráðgert að taka  $200.000 \text{ m}^3$  úr námunni.


Í viðbót við upplýsingar í matsskýrslu liggja nú fyrir viðbótar upplýsingar um landnýtingu og gróðurfar á námusvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að aukin efnistaka úr Bessastaðaármelum muni fyrst og fremst hafa sjónræn áhrif í för með sér. Unnt er að draga verulega úr þessum áhrifum með því að fella efnistökusvæðið eins og kostur er að lögun melsins. Halda ætti áfram efnistöku við frambrún melsins og huga ætti að aðlögun námubotns að óröskaðu landi utan námunnar, en þar er um nokkurn hæðarmun að ræða.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aukin efnistaka úr Bessastaðaármelum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef dregið verður úr sjónrænum áhrifum í samræmi við framangreindar ábendingar eins og kostur er.

Umhverfisstofnun vill benda á að sækja verður um nýtt framkvæmdaleyfi vegna aukinnar efnistöku úr Bessastaðaármelum og leggja fram áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, bæði vegna efnistöku Landsvirkjunar sem og efnistöku landeiganda.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

Afrit: Fljótsdalshreppur



Hélgi Jónasson  
Forstöðuþmaður